# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 121 95. ár** **Föstudaginn 25. október 2002**

# Stefna

**Hf. Eimskipafélag Íslands,**
**kt. 510169-1829,**
**Pósthússtræti 2, Reykjavík**

gerir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Umboðs- og heildversluninni Sjónarhóli ehf., Hólshrauni 5, 220 Hafnarfirði, og stefnist fyrir félagsins hönd stjórnarmanni þess, Tómasi Heiðdal Marteinssyni, kt. 311258-5839, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.003.926 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af kr. 55.458 frá 20. júlí 2001 til 23. júlí 2001, af kr. 63.369 frá þ.d. til 27. júlí 2001, af kr. 92.673 frá þ.d. til 31. júlí 2001, af kr. 98.745 frá þ.d. til 17. ágúst 2001, af kr. 238.325 frá þ.d. til 23. ágúst 2001, af kr. 256.398 frá þ.d. til 7. september 2001, af kr. 494.938 frá þ.d. til 11. september 2001, af kr. 474.840 frá þ.d. til 13. september 2001, af kr. 488.355 frá þ.d til 21. september 2001, af kr. 715.382 frá þ.d. til 1. október 2001, af kr. 728.877 frá þ.d. til 5. október 2001, af kr. 755.534 frá þ.d. til 10. október 2001, af kr. 758.079 frá þ.d. til 12. október 2001, af kr. 788.828 frá þ.d. til 15. október 2001, af kr. 801.381 frá þ.d. til 19. október 2001, af kr. 835.282 frá þ.d. til 2. nóvember 2001, af kr. 975.187 frá þ.d. til 5. nóvember 2001, af kr. 999.487 frá þ.d. til 15. nóvember 2001, af kr. 1.001.436 frá þ.d. til 5. júní 2002, af kr. 1.003.926 frá þ.d til greiðsludags, en af stefnufjárhæð frá þ.d. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

*Málflutningsumboð:* Pétur Guðmundarson hrl., LOGOS lögmannsþjónustu sf., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Hin umstefnda skuld er samkvæmt 28 reikningum stefnanda til stefnda vegna flutnings auk vanskilagjalds sem nánar sundurliðast:

| Reikn. nr. | Dags. | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| FLU1636380 | 20. júlí 2001 | 55.458 |
| AFG1283009 | 23. júlí 2001 | 2.739 |
| AFG1283010 | 23. júlí 2001 | 5.172 |
| FLU1638500 | 27. júlí 2001 | 29.304 |
| AFG1284066 | 31. júlí 2001 | 6.072 |
| FLU1643546 | 17. ágúst 2001 | 139.580 |
| AFG1287167 | 23. ágúst 2001 | 2.739 |
| AFG1287168 | 23. ágúst 2001 | 15.334 |
| FLU1649323 | 7. sept. 2001 | 238.540 |
| AFG1289702 | 13. sept. 2001 | 2.739 |
| AFG1289703 | 13. sept. 2001 | 10.756 |
| FLU1653219 | 21. sept. 2001 | 227.047 |
| GAM1002069 | 15. okt. 2001 | 4.724 |
| AFG1291803 | 1. okt. 2001 | 2.739 |
| AFG1291804 | 1. okt. 2001 | 10.756 |
| FLU1657584 | 5. okt. 2001 | 26.657 |
| AFG1293340 | 10. okt. 2001 | 2.545 |
| FLU1659525 | 12. okt. 2001 | 30.749 |
| AFG1293740 | 15. okt. 2001 | 2.739 |
| AFG1293741 | 15. okt. 2001 | 5.090 |
| FLU1661591 | 19. okt. 2001 | 33.901 |
| GAM1002237 | 15. nóv. 2001 | 1.949 |
| FLU1665824 | 2. nóv. 2001 | 139.905 |
| AFG1296781 | 5. nóv. 2001 | 2.739 |

# Auglýsing

## um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum fyrir eftirtalin svæði í Reykjavík:

*Reykjavíkurhöfn, Norðurgarður, Vesturhöfn, lóð Granda hf., breyting á deiliskipulagi.*
Tillagan tekur til Norðurgarðs í Vesturhöfn Reykjavíkurhafnar nánar tiltekið lóðar Granda hf.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir nýrri landfyllingu, í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur, og stækkun lóðar Granda hf. úr u.þ.b. 8.371 fm í u.þ.b. 30.800 fm. Þá gerir tillagan ráð fyrir nýrri götu, tveimur nýjum byggingarreitum, annars vegar til þess að mögulegt sé að stækka núverandi hús til norðausturs, og hins vegar reit fyrir nýtt hús suðaustan við gamla húsið. Nánar um tillöguna vísast til hennar.

*Borgartún 34-36, breyting á deiliskipulagi.*
Tillagan tekur til lóðanna nr. 34 og 36 við Borgartún og afmarkast af Sóltúni til vesturs, lóð Borgartúns 32 til norðurs, Kringlumýrarbraut til austurs og aðkomugötu frá Kringlumýrarbraut að Sóltúni (milli lóðar nr. 30 við Sóltún og 34-36 við Borgartún) til suðurs.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir breytingu á lóðarmörkum. Tvær verkstæðisbyggingar, sem nú standa á lóðunum, ásamt opinni bílgeymslu verði rifnar. Fallið verði frá byggingu 6 hæða fjölbýlishúss, sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að heimilt sé að byggja í suðvesturhorni lóðarinnar nr. 36. Í staðinn verði heimilt að byggja fimm hæða fjölbýlishús, með inndreginni 6. hæð, vestast á reitnum, eina hæð ofan á núverandi gistiheimili og nýtt sex hæða hús, undir gistiheimili eða sambærilega starfsemi til suðurs frá eldra húsi, austast á reitnum. Þá gerir tillagan ráð fyrir um 109 bílastæðum á svæðinu, þar af um 54 í bílgeymslum neðanjarðar. Nánar um tillöguna vísast til hennar.

*Teigagerðisreitur, Bakkagerði, Breiðagerði, Teigagerði, Steinagerði, deiliskipulag.*
Tillagan tekur til húsa á svokölluðum Teigagerðisreit og nær til Bakkagerðis, Teigagerðis, Steinagerðis og húsa nr. 2, 4, 6, 8 og 10 við Breiðagerði.
Í tillögunni eru m.a. skilgreindir viðbyggingarmöguleikar fyrir öll hús á umræddu svæði til framtíðar þar sem talið er mögulegt að byggja við hús á annað borð. Miðað er við að heimilt verði að byggja við þau hús þar sem nýtingarhlutfall lóðar er undir 0,4 (ef ekki er kjallari í húsi) en 0,5 (ef kjallari er í húsi). Settir eru byggingarskilmálar um breytingar á húsunum s.s. um hækkun þaks, byggingu bílskúra og reglur um aukaíbúðir o.fl. Nánar um tillöguna vísast til hennar.

*Þórsgötureitur, Lokastígur, Baldursgata, Þórsgata, Týsgata, deiliskipulag.*
Um er að ræða tillögu að deiliskipulagi reits sem afmarkast af Lokastíg til norðausturs, Baldursgötu til suðausturs, Þórsgötu til suðvesturs og Týsgötu til norðvesturs.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að byggja við og inndregna hæð ofan á húsið að Þórsgötu nr. 1, útbyggingar á suðvestan á húsin nr. 2, 4, 6 og 8 við Lokastíg, bakbyggingu við húsið nr. 37 við Baldursgötu. Gerir tillagan ráð fyrir breytingum á lóðum við Lokastíg auk lóðanna nr. 1 við Þórsgötu og Baldursgötu 37. Lóðin nr. 1 við Þórsgötu stækkar en hinar lóðirnar minnka u.þ.b. sem nemur gangstétt fyrir framan húsin. Þá gerir tillagan ráð fyrir viðbyggingu norðvestan við húsið nr. 13 við Þórsgötu. Leiksvæði, milli lóðanna nr. 9 og 13 við Þórsgötu verður óbreytt. Á reitinn í heild er sett ávæði um verndun byggðamynsturs. Nánar um tillöguna vísast til hennar.

*Reitur 1.171.2, Bankastræti, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Hallveigarstígur og Ingólfsstræti, nýtt deiliskipulag.*
Um er að ræða tillögu að deiliskipulagi reits sem afmarkast af Bankastræti og Skólavörðustíg til norðurs, Bergstaðastræti til austurs, Hallveigarstíg til suðurs og Ingólfsstrætis til austurs. Af reitnum er í gildi deiliskipulag frá 1989 það síðari breytinum og fellur það úr gildi verði hin auglýsta tillaga samþykkt. Tillagan gerir ekki ráð fyrir verulegum breytingum utan þess að gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja 3-4 hæða nýbyggingu aftan við Bankastræti 12 auk þess sem heimilt verði að rífa húsið nr. 7 við Hallveigarstíg og byggja á lóðinni hús á þremur hæðum með risi. Nánar um tillöguna vísast til hennar.

Tillögurnar liggja frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 25. október til 6. desember 2002. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 3, 105 Reykjavík eigi síðar en 6. desember 2002.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 17. október 2002.
**Skipulagsfulltrúi.**

12992)

# Auglýsing

## um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“ í Hafnarfirði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2002 að auglýsa til kynningar breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“ í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagssvæðið afmarkast af Miklaholti, Hvaleyrarbraut, Suðurbraut og opnu svæði sunnan við Vesturholt og Suðurholt.

Breytingin verður til sýnis í afgreiðslu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8 - 10, þriðju hæð, frá 25. október 2002 – 22. nóvember 2002. Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskipulagi.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til bæjarskipulags í Hafnarfirði, eigi síðar en 6. desember 2002. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

**Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.**

12974)

---

# Auglýsing

## um breytingu á deiliskipulagi í landi Kiðjabergs, Grímsnes- og Grafningshreppi

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi í landi Kiðjabergs í Grímsnesi samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Lagður af vegur sem áður var ráðgerður meðfram jarðamörkum Gölts.
- Golfvöllur er stækkaður úr 9 holum í 18 holur.
- Sumarhúsalóðir á svæði C hafa verið endurskoðaðar, stærð og staðsetningu hefur verið breytt að hluta en þó aðeins á lóðum sem ekki hefur verið úthlutað. Númeraröð lóða breytist vegna þessa og eldri númer falla niður við breytinguna.

Breytingatillagan verður til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar í félagsheimilinu Borg í Grímsnesi, frá og með föstudeginum 25. október nk. til og með mánudeginum 25. nóvember 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingatillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 12. desember 2002. Skila skal skriflegum athugasemdum á skrifstofu sveitarstjórnar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingatillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.**

13002)

---

# Nauðungarsölur

## Selfoss

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hörðuvöllum 1, Selfossi, þriðjudaginn 26. nóvember 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Auðsholt 1, fastanr. 220-2980, Hrunamannahreppi 12702) | Bjarni Jónsson | Húsasmiðjan hf. | 429.225 |
| Auðsholt, eignarhl. gerðarþ., landnr. 171670, Ölfusi 12703) | Runólfur Björn Gíslason | Sýslumaðurinn á Selfossi | 374.851 |
| Austurmörk 20, fastanr. 220-9843, Hveragerði. 12704) | Runólfur Björn Gíslason | Vátryggingafélag Íslands hf. | 117.860 |
| Austurmörk 20, fastanr. 223-4365, Hveragerði. 12705) | Runólfur Björn Gíslason | Vátryggingafélag Íslands hf. | 102.336 |
| Austurvegur 33, 50%, fastanr. 218-5439 12706) | Guðmundur Lárus Arason | Sýslumaðurinn á Selfossi | 126.919 |

| | | |
|---|---|---|
| AFG1296782 | 5. nóv. 2001 | 13.520 |
| AFG1296783 | 5. nóv. 2001 | 2.951 |
| AFG1296784 | 5. nóv. 2001 | 5.090 |
| DBT30168 | 5. júní 2002 | 2.490 |

Til frádráttar kemur kreditnóta nr. FLK1100545 dags. 11. september 2001 kr. 20.098.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Um nánari málavexti vísast til framlagðra skjala.

Stefndi hefur ekki sinnt greiðslukröfum og er stefnandi því knúinn til að innheimta hana með dómi.

Ekki hefur tekist að birta stefnu fyrir stefnda sjálfum en hann er eins og áður segir með óþekkt heimilisfang í Bretlandi. Umboðs- og heildverslunin Sjónarhóll er hætt rekstri og samkvæmt birtingarvotti stendur það hús autt. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagarök:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga.

Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um heimild til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði vísast til a. liðar 89. gr. eml. nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu og birtingarvottorð.
2. Skrá.
3. Ofangreinda reikninga.
4. Ljósrit innheimtubréfs.
5. Ljósrit úr Lögbirtingablaði því sem stefnan er birt í.

Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna og rökstuðnings og til að tilgreina menn til skýrslugjafar eftir því sem þurfa þykir á síðari stigum málsins.

*Fyrirkall:* Hér með stefnist Tómasi Heiðdal Marteinssyni, kt. 311258-5839, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, til að mæta við þingfestingu málsins í héraðsdómi Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 5. desember 2002, kl. 10.00 árdegis, til þess þar að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing má vænta útivistardóms í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 1. október 2002.
F.h. Péturs Guðmundarsonar hrl.,
**Birgir Birgisson** lögfr.

(12092

---

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 10. september 2002, var dánarbú Gunnars Más Ingólfssonar, kt. 241244-4829, sem var síðast til heimilis að Grenihlíð 24, Sauðárkróki, og lést 11. maí 2001, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandgötu 29, 600 Akureyri.

Akureyri, 11. október 2002.
**Árni Pálsson** hrl.

(12794 a

Á ályktunarbærum hluthafafundum í Pegasus Shackleton ehf., kt. 640401-3380, sem haldnir voru þann 19. júní 2002 var ákveðið að slíta félaginu og voru þau Helga Harðardóttir, kt. 101059-2519, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG og Snorri Þórisson, kt. 200549-3689, valin til skilanefndarstarfa og löggilt til starfans af fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til KMPG, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, merktar Helgu Harðardóttur.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins fimmtudaginn 9. janúar 2003 kl. 10.00 árdegis á skrifstofu KPMG að Vegmúla 3, Reykjavík til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Reykjavík, 14. október 2002.
Fyrir hönd skilanefndar
Pegasus Shackleton ehf.,
**Helga Harðardóttir**.

(12975 a

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Landsbanka Íslands hf. eru taldar glataðar:

Aðalbanki: Nr. 146609, 172563, 173342, 175183, 176267, 180797, 260843, 261958, 267373, 270281, 277610 og 731181.
Austurbær: Nr. 261151, 266085 og 273125.
Háaleiti: Nr. 71971.
Múli: Nr. 55113 og 61253.
Þorlákshöfn: Nr. 69.
Akureyri: Nr. 118736 og 265592.
Brekkuafgreiðsla: Nr. 2797, 60713, 61549, 62029, 62217 og 62311.
Stöðvarfjörður: Nr. 10434.
Vopnafjörður: Nr. 60603.
Akranes: Nr. 10249.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 stefnist hér með handhöfum ofangreindra sparisjóðsbóka, að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar áskorunar.

Reykjavík, 15. október 2002.
Landsbanki Íslands hf.,
viðskiptabankaþjónusta-miðvinnsla.
**Ásta Árnadóttir.**
**Sólveig Halldórsdóttir.**

(12976 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 12. september 2002, var dánarbú Helgu Þorbjarnardóttur, kt. 210824-3599, síðast til heimilis að Þórunnarstræti 132, Akureyri, sem lést þann 11. febrúar 2002, tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Þá er ennfremur skorað á alla þá er telja sig eiga rétt til arfs eftir þá látnu að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan sama frests.

Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Geislagötu 5, 600 Akureyri.

(12570 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 12. september 2002, var dánarbú Þórarins Þorbjarnarsonar, kt. 010223-2459, síðast til heimilis að Þórunnarstræti 132, Akureyri, sem lést þann 12. mars 2002, tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Álftarstekkur 4, fastanr. 220-9203 Þingvallahreppi 12707) | Arnheiður Ragnarsdóttir | AX-hugbúnaðarhús hf. | 99.723 |
| B-Gata 5, fastanr. 220-8173, Grímsnes- og Grafningshreppi 12708) | Elínborg Þorsteinsdóttir | Lífeyrissjóðurinn Lífiðn | 183.549 |
| Bankavegur 6, fastanr. 218-5548 12709) | Einar Valur Oddsson og Steinunn Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 238.512 |
| Birkigrund 27, fastanr. 223-2401 12710) | Jón Þór Þórisson | Sveitarfélagið Árborg | 217.589 |
| Bláskógar 2, fastanr. 220-9855, Hveragerði 12711) | Brynhildur Áslaug Egilson | Vátryggingafélag Íslands hf. | 65.838 |
| Brautarholt 10B, eignarhl. gerðarþ., fastanr. 220-1796, Skeiðahreppi 12712) | Jónas Yngvi Ásgrímsson | Kreditkort hf. | 106.349 |
| Breiðamörk 7, fastanr. 221-0076, Hveragerði 12713) | Ólöf Jónsdóttir | Sýslumaðurinn á Selfossi | 1.227.966 |
| Breiðamörk 8, skv. þingl. kaupsamn., fastanr. 221-0078, Hveragerði 12714) | Sigrún Helgadóttir | Hveragerðisbær | 287.054 |
| Brúarholt, landnr. 168235, Grímsnes- og Grafningshreppi 12715) | Böðvar Guðmundsson | Lánasjóður landbúnaðarins | 1.147.401 |
| Dynskógar 30, fastanr. 221-0159, Hveragerði 12716) | Steingrímur Ingason | Íbúðalánasjóður | 504.660 |
| Efra-Langholt, landnr. 166738, Hrunamannahreppi 12717) | Sveinn Flosi Jóhannsson | Vátryggingafélag Íslands hf. | 52.770 |
| Eyjasel 5, fastanr. 219-9570, Stokkseyri 12718) | Guðjón Jóhannsson | Íbúðalánasjóður | 107.322 |
| Eyravegur 20, fastanr. 218-5730 12719) | Agnes Kristín Gestsdóttir | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.396.249 |
| Gagnheiði 67, fastanr. 225-0739 12720) | Lingþór ehf. | Lífeyrissjóður Suðurlands | 1.444.355 |
| Gljúfurárholt, landnr. 171707, Ölfusi 12721) | Örn Karlsson | Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Vátryggingafélag Íslands hf. | 1.117.726 |
| Grenigrund 28, fastanr. 223-3648 12722) | Hrönn Arnardóttir | Íslandsbanki hf. og Sveitarfélagið Árborg | 346.345 |
| Grundartjörn 11, eignarhl. gerðarþ., fastanr. 218-6212 12723) | Arnheiður Húnbjörg Bjarnadóttir | Skógrækt ríkisins | 70.319 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Háeyrarvellir 22, fastanr. 220-0186, Eyrarbakka 12724) | Sædís Ósk Harðardóttir | Íbúðalánasjóður | 116.836 |
| Heiðarvegur 5, fastanr. 218-6328 12725) | Jens Ingvi Arason | Íbúðalánasjóður | 272.405 |
| Heiðmörk 2, fastanr. 218-6350 12726) | Björn Fannar Björnsson | Sveitarfélagið Árborg | 63.726 |
| Heiðmörk 63, fastanr. 221-0494, Hveragerði 12727) | Viktor Jón Sigurvinsson og Ólína Berglind Sverrisdóttir | Íbúðalánasjóður | 206.420 |
| Hjallavegur 3, fastanr. 220-0225, Eyrarbakka 12728) | Sigurrós María Guðmundsdóttir | Sýslumaðurinn á Selfossi | 169.399 |
| Hrímnir ÁR-051, skipaskrárnr. 1468 12729) | Skin ehf. | Olíuverslun Íslands hf. | 1.630.031 |
| Jórutún 4, samkv. þingl. kaupsamningi, fastanr. 225-1168 12730) | Valgerður Jóhannesdóttir og Þórarinn Baldursson | Sveitarfélagið Árborg | 2.280.431 |
| Jörðin Efri-Brú, Grímsnes- og Grafningshreppi 12731) | Böðvar Guðmundsson | Lánasjóður landbúnaðarins | 867.250 |
| Jörðin Hlemmiskeið III, ehl. gþ., Skeiðahreppi 12732) | Árni Svavarsson | Íbúðalánasjóður | 248.868 |
| Jörðin Vaðnes, undansk. spildur og lóðir, eignarhl. gerðarþ., Grímsnes- og Grafningshreppi 12733) | Páll Helgi Kjartansson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 2.427.375 |
| Kaldárhöfði, eignarhl. gerðarþ., fastanr. 220-7689, Grímsnes- og Grafningshreppi 12734) | Sigríður Sigurðardóttir | Ingvar Helgason hf. | 1.271.459 |
| Kambahraun 29, 50%, fastanr. 221-0605, Hveragerði 12735) | Jón Gísli Guðlaugsson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 1.166.423 |
| Kambahraun 40, fastanr. 221-0626, Hveragerði 12736) | Sigríður Hermannsdóttir | Skeljungur hf. | 668.146 |
| Kirkjuhvoll, fastanr. 220-0391, Eyrarbakka 12737) | Ingunn Guðnadóttir | Íbúðalánasjóður og Selfossveitur bs. | 285.713 |
| Kléberg 3, eignarhl. gerðarþ., fastanr. 221-2396, Ölfusi 12738) | Gísli Gunnar Jónsson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 710.218 |
| Launrétt 1, fastanr. 220-5534, Biskupstungnahreppi 12739) | Helgi Sveinbjörnsson | Lífeyrissjóður Suðurlands og sýslumaðurinn á Selfossi | 958.186 |

sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Þá er ennfremur skorað á alla þá er telja sig eiga rétt til arfs eftir þann látna að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan sama frests.

Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Geislagötu 5, 600 Akureyri.

**Endurbirt vegna villu.**

(12571 b

Akureyri, 8. október 2002.
**Helgi Teitur Helgason** hdl.

Á ályktunarbærum hluthafafundi í Áburðarverksmiðjunni ehf., kt. 580901-2550, Gufunesi, Reykjavík, sem haldinn var þann 9. október 2002, var ákveðið að slíta félaginu. Í skilanefnd voru kosnir þeir Skúli Bjarnason hrl., kt. 151253-5639, Funafold 52, Reykjavík og Þorsteinn Ingi Garðarsson, kt. 020975-5989, Hléskógum 14, Reykjavík og hafa þeir hlotið löggildingu til starfans.

Hér með er skorað á lánardrottna að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu fyrir skilanefnd innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessara.

Skiptafundur verður haldinn föstudaginn 20. desember, kl. 10.00 á skrifstofu undirritaðs að Skipholti 50c, Reykjavík, þar sem lögð verður fram kröfuskrá ásamt afstöðu skilanefndar til fram kominna krafna. Komi ekki fram andmæli gegn afstöðu skilanefndar skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi, sbr. 2. mgr. 88. gr. laga nr. 138/1994.

Reykjavík, 10. október 2002.
F.h. skilanefndar
**Skúli Bjarnason** hrl.

(12589 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 2. október 2002, var bú Mexico ehf., kt. 690396-2759, Tryggvagötu 8, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. apríl 2002.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2003, kl. 14.00, á skrifstofu skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(12599 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 2. október 2002, var bú Hins íslenska eimreiðafélags ehf., kt. 710300-4290, Hafnarstræti 20, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 29. apríl 2002.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2003,

kl. 13.00, á skrifstofu skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(12600 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 2. október 2002, var bú Vátryggingamiðlunarinnar ehf., kt. 680197-3429, Mörkinni 3, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 3. maí 2002.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2003, kl. 10.00, á skrifstofu skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(12601 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 2. október 2002, var bú B.M.B. ehf., kt. 441296-2669, Bergstaðastræti 12a, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 3. maí 2002.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2003, kl. 11.00, á skrifstofu skiptastjóra að Grensásvegi 8, 105 Reykjavík.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(12602 b

Reykjavík, 8. október 2002.
**Þórir Örn Árnason** hdl.,
skiptastjóri.

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 26. febrúar 2001, var bú Grand Pizza, kt. 501197-2119, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem voru að fjárhæð kr. 32.316.269 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskiptanna.

Reykjavík, 7. október 2002.
**Páll Skúlason**.

(12574

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Lóð undir gistiheimili og gamla íbúðarhúsið að Efri-Brú. Spilda úr óskiptu landi Efri-Brúar og Brúarholts og úr 2 ha. spildu úr landi Brúarholts, ásamt rekstartækjum og búnaði skv. l. nr. 75/1997, Grímsnes- og Grafningshreppi 12740) | Böðvar Guðmundsson | Ferðamálasjóður | 14.416.035 |
| Lóð úr landi Bakka 1, m/afnotarétti af heitu og köldu vatni, Ölfushreppi 12741) | Vesturlax ehf. | Vátryggingafélag Íslands hf. | 264.763 |
| Lóð úr landi Efri-Brúar, Grímsnes- og Grafningshreppi 12742) | Sigrún Lára Hauksdóttir | Grímsnes-og Grafningshreppur og Íbúðalánasjóður | 469.096 |
| Lóurimi 12, fastanr. 218-6755 12743) | Sæunn Lúðvíksdóttir | Sveitarfélagið Árborg | 239.514 |
| Oddabraut 10, 50% eignarhl. fastanr. 221-2574, Þorlákshöfn 12744) | Magnús Georg Margeirsson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 1.664.174 |
| Sambyggð 4, fastanr. 221-2687, Þorlákshöfn 12745) | Guðmundur Ívan Róbertsson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 782.637 |
| Sel, fastanr. 223-5993, Grímsnes- og Grafningshreppi 12746) | Þórdís Pétursdóttir | Íbúðalánasjóður | 205.104 |
| Setberg 25, eignarhl. gerðarþ., fastanr. 221-2806, Þorlákshöfn 12747) | Magnús Engilbert Lárusson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 2.115.777 |
| Skálmholt, landnr. 166375, Villingaholtshreppi 12748) | Kolbeinn Þór Sigurðsson | Sýslumaðurinn á Selfossi | 334.819 |
| Smáratún 9, fastanr. 218-7156, 12749) | Inga Dóra Guðmundsdóttir | Landsbanki Íslands hf. útibú 0149 | 478.171 |
| Snorrastaðir, landnr. 168151, Laugardalshreppi 12750) | Ólafur Ólafsson | Húsasmiðjan hf. | 6.904.838 |
| Sóltún 26 12751) | Sigurður Ágústsson og Ragnheiður Blöndal | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 147.318 |
| Sólvellir 1, eignarhl. gerðarþ., fastanr. 219-9868, Stokkseyri 12752) | Kristinn Jón Reynir Kristinsson | Húsasmiðjan hf. | 65.475 |
| Spilda úr landi Efri-Brúar nr. III, ásamt 2,905 fm. eignarlóð, Grímsnes- og Grafningshreppi 12753) | Ferðaþjónustan Efri-Brú ehf. | Ferðamálasjóður og sýslumaðurinn á Selfossi | 4.624.513 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Spilda úr óskiptu landi Efri-Brúar og Brúarholts, Grímsnes- og Grafningshreppi 12754) | Böðvar Guðmundsson | Lánasjóður landbúnaðarins | 707.636 |
| Tunga, talin eign gerðarþ., fastanr. 220-2840, Gnúpverjahreppi 12755) | Db. Ágústs Hafberg | Vátryggingafélag Íslands hf. | 29.123 |
| Túngata 5, fastanr. 220-0251, Eyrarbakka 12756) | Arnheiður Björg Harðardóttir | Árvirkinn ehf. og sýslumaðurinn á Selfossi | 1.753.891 |
| Úrskiptur eignarhl. Stígs Sæland úr nýbýlinu Espiflöt, Biskupstungnahreppi 12757) | Garðyrkjustöðin Stóra-Fljót ehf. | Íbúðalánasjóður, Lánasjóður landbúnaðarins og sýslumaðurinn á Selfossi | 5.401.432 |
| Vesturbyggð 6, fastanr. 220-5565, Biskupstungnahreppi 12758) | Jakob Narfi Hjaltason | Húsasmiðjan hf. | 2.454.024 |
| Vörðás 7 og 9, fastanr. 222-3633 og 223-2079, Biskupstungnahreppi 12759) | Jóhannes Guðvarður Stefánsson | Reykjavíkurborg | 172.114 |
| Þelamörk 35, fastanr. 221-0936, Hveragerði 12760) | Garðyrkjustöðin Þelamörk 35 ehf. | Lánasjóður landbúnaðarins | 827.607 |
| Öndverðarnes 1, lóð nr. 211, fastanr. 224-3752, Grímnes- og Grafningshreppi 12761) | Garðar Guðnason | Tollstjóraembættið | 1.042.700 |
| Öndverðarnes 2, lóð nr. 14a, fastanr. 220-8681, Grímnes- og Grafningshreppi 12762) | Hjörtur Lárus Harðarson | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 206.874 |
| Ösp, landnr. 167189, Biskupstungnahreppi 12763) | Garðyrkjustöðin Ösp ehf. | Sýslumaðurinn á Selfossi | 25.581 |

Selfossi, 11. október 2002.
Sýslumaðurinn á Selfossi,
**Ólafur Helgi Kjartansson.**

## Höfn

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarbraut 36, Höfn, föstudaginn 22. nóvember 2002 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Kirkjubraut 64 12998) | Kolbrún Jónsdóttir | Kaupás hf. og Sparisjóður Hornafjarðar/nágrennis | 937.145 |
| Sauðanes, hús og mannvirki í Sauðanesi 12999) | Kristinn Pétursson, Rósa Benónýsdóttir og Jarðasjóður ríkisins | Jón Gunnar Gunnarsson, Lífeyrissjóður Austurlands, Olíuverslun Íslands hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn | 2.708.355 |
| Sindri SF-26 skskrnr. 1213 13000) | Hafnarfiskur ehf. | Ker hf. | 4.481.455 |

Höfn, 18. október 2002.
Sýslumaðurinn á Höfn,
**Páll Björnsson.**

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum þann 9. ágúst 2001 var bú Glascors A. Sepuliveda Benner, kt. 130871-2249, Litlagerði 12, Hvolsvelli, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 6.982.899 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Selfossi, 1. október 2002.
**Sigurður Sigurjónsson** hrl.

(12580

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 28. maí 2002, var bú Adam Iapheth David, kt. 040260-7579, Aðalstræti 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum búsins því lokið í dag, skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í almennar kröfur að fjárhæð samtals kr. 31.495.873 auk áfallins kostnaðar og vaxta eftir úrskurðardag.

Reykjavík, 9. september 2002.
**Kristján Ólafsson** hrl.

(12593

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 11. júlí 2002, var bú Gamla útgáfufélagsins ehf., kt. 580497-2689, tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, forgangskröfur að fjárhæð kr. 4.144.583 og almennar kröfur að fjárhæð kr. 36.139.103 auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 10. október 2002.
**Björn L. Bergsson** hrl.

(12594

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 4. maí 2001, var bú Dalverks sf., kt. 490175-0169, Bíldshöfða 16, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum lauk í dag með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddust kr. 5.065.946 upp í forgangskröfur búsins. Ekkert fékkst upp í almennar og eftirstæðar kröfur.

Selfossi, 11. október 2002.
Málflutningsskrifstofan,
**Óskar Sigurðsson** hdl.

(12765

# Áskorun

## samkvæmt 54. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu

Þann 14. febrúar 2001 var íbúð á 1. hæð til vinstri og eitt herb. í kjallara í fasteigninni nr. 34 við Stóragerði í Reykjavík, þinglýst eign Kjartans Harðarsonar, kt. 040153-2419, seld á nauðungaruppboði.

Á eigninni hvíldi tryggingarbréf, útgefið í Reykjavík þann 17. janúar 1979 af Herði Þorleifssyni, kt. 280528-4049, til handhafa. Bréfið er til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuld hvort sem það er höfuðstóll, vextir, kostnaður, þar með allur innheimtukostnaður, réttargjöld, málflutningslaun o.fl., vátryggingariðgjald, er veðhafi greiðir, eða

annað að engu undanskildu, eftir reikningi veðhafa, samkvæmt víxli, útgefnum af og samþykktum af Herði Þorleifssyni, Aragötu 16, Reykjavík, með gjalddaga 15. mars 1979 gkr. 1.000.000, 15. apríl 1979, gkr. 1.000.000, 15. maí 1979 gkr. 1.000.000 og 15. júní 1979 gkr. 1.000.000 eða samtals gkr. 4.000.000 en ábekingur á „víxli“ þessum er útgefandi.

Hér með er skorað á þann sem á rétt til greiðslu samkvæmt ofangreindu tryggingarbréfi að gefa sig fram við fullnustudeild sýslumannsins í Reykjavík, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar þessarar, ella verður fénu ráðstafað samkvæmt 3. mgr. 54. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Reykjavík, 17. október 2002.
Sýslumaðurinn í Reykjavík,
**Ingvar Haraldsson** fulltrúi.

(12997

# Vátryggingafélagaskrá

**Innlögn starfsleyfis vátryggingamiðlunar.**

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga nr. 853/1999 tilkynnist hér með að vátryggingamiðlunin Ísvá hf., kt. 701096-2749, lagði inn starfsleyfi sitt til varðveislu til viðskiptaráðuneytisins þann 9. október 2002.

15. október 2002,
**Fjármálaeftirlitið.**

(12787

# Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala

Í dag gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út löggildingu handa Brynhildi G. Flóvenz, kt. 120354-4779, til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
4. október 2002.

(12581

Hinn 3. þ.m. skilaði Þórey Aðalsteinsdóttir hdl., kt. 161156-7369, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hennar til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
9. október 2002.

(12590

# Hvolsvöllur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Austurvegi 4, Hvolsvelli, þriðjudaginn 3. desember 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Fagurhóll, Rangárþingi eystra 12776) | Fagurey ehf. | Kaupfélag Árnesinga | 406.206 |
| Fossalda 10, 2. hæð, Hellu 12777) | Guðmundur Hólm Bjarnason | Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | 175.136 |
| Hlíðarvegur 11 12778) | Hótel Hvolsvöllur ehf. | Byggðastofnun | 41.714.820 |
| Hlíðarvegur 5 12779) | Hótel Hvolsvöllur ehf. | Byggðastofnun | 44.451.463 |
| Hlíðarvegur 7 12780) | Hótel Hvolsvöllur ehf. | Byggðastofnun | 44.451.463 |
| Jaðar I, Rangárþingi ytra 12781) | Jens Gíslason | Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | 638.477 |
| Jaðar II, Rangárþingi ytra 12782) | Jens Gíslason | Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | 649.064 |
| Litla-Hildisey, Rangárþingi eystra 12783) | Fagurey ehf. | Kaupfélag Árnesinga | 409.403 |
| Lóð nr. 3 úr landi Ytri-Skóga, Rangárþingi eystra 12784) | Hótel Skógar ehf. | Húsasmiðjan hf. | 2.654.412 |
| Núpur II, Rangárþingi eystra 12785) | Sigrún Kristjánsdóttir | Lánasjóður landbúnaðarins | 1.295.628 |
| Tjaldhólar, Rangárþingi eystra 12786) | Særún Steinunn Bragadóttir og Guðjón Steinarsson | Íbúðalánasjóður | 6.403.142 |

Hvolsvelli, 14. október 2002.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli,
**Þórhallur Haukur Þorvaldsson** ftr.

# Seðlabanki Íslands

**Efnahagur 30. september 2002.**

| Eignir: | Kr. |
|---|---|
| Erlendar eignir: | |
| a. Bankainnstæður | 21.365.592.445 |
| b. Gulleign | 1.745.956.249 |
| c. Verðbréf og ríkisvíxlar | 24.702.625.808 |
| d. Gjaldeyrisstaða og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 2.146.638.582 |
| Erlendar eignir | 49.960.813.084 |
| Innlendar eignir: | |
| Innlánsstofnanir: | |
| a. Endurhverf verðbréf | 74.777.968.234 |
| b. Skammtímalán | – – |
| c. Aðrar kröfur | 6.616.259 |
| | 74.784.584.493 |
| Aðrar fjármálastofnanir: | |
| a. Markaðsskráð verðbréf | 3.354.299.397 |
| b. Endurhverf verðbréf | 2.699.664.450 |
| c. Skammtímalán | – – |
| | 6.053.963.847 |
| Ríkissjóður og ríkisstofnanir: | |
| a. Ríkissjóður, viðskiptareikningar | 21.489.261.609 |
| b. Markaðsskráð verðbréf | 1.772.690.914 |
| c. Markaðsskráðir ríkisvíxlar | – – |
| | 23.261.952.523 |
| Aðrir aðilar: | |
| a. Ýmsir reikningar | 60.768.583 |
| b. Verðbréf | 38.647.789 |
| | 99.416.372 |
| Innlendar eignir | 104.199.917.235 |
| Eignir | 154.160.730.319 |

| Skuldir og eigið fé: | |
|---|---|
| Erlendar skuldir: | |
| a. Til skamms tíma | 18.270.971.233 |
| b. Til langs tíma | – – |
| c. Mótvirði sérstakra dráttarréttinda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 1.885.374.408 |
| Erlendar skuldir | 20.156.345.641 |
| Innlendar skuldir: | |
| Seðlar og mynt | 9.009.682.000 |
| Innlánsstofnanir: | |
| a. Almennar innstæður | 1.168.431.013 |
| b. Bindireikningar | 23.189.669.590 |
| | 24.358.100.603 |
| Aðrar fjármálastofnanir: | |
| a. Almennar innstæður | 919.079.617 |
| b. Bindireikningar | 1.271.235.108 |
| | 2.190.314.725 |
| Ríkissjóður og ríkisstofnanir: | |
| a. Ríkissjóður, viðskiptareikningar | 28.368.779.304 |
| b. Ríkisstofnanir | 2.422.816.391 |
| c. Gjaldeyrisreikningar | 13.182.566.974 |
| d. Bundin innlán | 17.170.933.288 |
| | 61.145.095.957 |
| Aðrar skuldir | 2.974.679.283 |
| Innlendar skuldir | 99.677.872.568 |
| Eigið fé: | |
| a. Stofnfé | 9.001.000.000 |
| b. Annað eigið fé | 25.325.512.110 |
| | 34.326.512.110 |
| Skuldir og eigið fé | 154.160.730.319 |

(13004

# Fyrirtækjaskrá

## Nýskráningar

*Félagið heitir:* **Djúpraf ehf.**
*Kt.:* 570402-4630.
*Heimili og varnarþing:* **Hlíðarvegi 14, 625 Ólafsfirði.**
*Dagsetning samþykkta er:* 14. mars 2002.
*Stofnandi:* Björgvin Björnsson, kt. 170759-4869, Hlíðarvegi 14, 625 Ólafsfirði.

# Auglýsing

## um breytingu á deiliskipulagi í Vatnsleysustrandarhreppi

Hér með er lýst eftir athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi í Vatnsleysustrandarhreppi, nánar tiltekið við Brekkugötu, Hvammsgötu, Leirdal og Hvammsdal.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu hreppsins frá 25. október 2002 til og með 22. nóvember 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingatillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út á skrifstofu hreppsins fyrir 6. desember 2002. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

Vogum, 18. október 2002.
F.h. sveitarstjórnar,
**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

13003)

# Auglýsing

## frá Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaða úthlutun á rekstrarleyfum fyrir þráðlaus notendakerfi á örbylgju

Með vísan til 10. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 auglýsir Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsóknum um leyfi til reksturs þráðlausra notendakerfa á örbylgju, nánar tiltekið í tíðnisviðunum 3,5 Gigaherz og 10 Gigaherz.

Á hverju þjónustusvæði verða veitt 1-2 leyfi í 3,5 Gigaherz sviðinu og að hámarki 6 leyfi í 10 Gigaherz sviðinu.

Umsóknarfrestur er til 18. nóvember 2002 og má afhenda umsóknir í afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar til kl. 16 þann dag. Með hverri umsókn skal fylgja greiðsla að upphæð kr. 50.000.

Þráðlaus notendakerfi tengja miðstöð leyfishafa við notendur á ákveðnu svæði og þjóna svipuðu hlutverki og heimtaugar í koparstrengjum. Þjónusta sem veitt er notendum samanstendur af talþjónustu og gagnaflutningi með bitahraða a.m.k. sambærilegum og í samnetinu.

Upplýsingar og skilmála má fá í afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar, Smiðjuvegi 68-70 í Kópavogi. Gögnin eru einnig birt á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar; http://www.pfs.is

18. október 2002.
**Póst- og fjarskiptastofnun.**

13005)

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 14. mars 2002:*
Formaður stjórnar: Björgvin Björnsson.
Meðstjórnandi: Vaka Njálsdóttir, kt. 260959-4339, Hlíðarvegi 14, 625 Ólafsfirði.
Varastjórn: Njáll Björgvinsson, kt. 150979-5019, Hlíðarvegi 14, 625 Ólafsfirði.
*Firmað ritar:* Stjórnarformaður.
*Prókúruumboð:* Björgvin Björnsson.
*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Arnar Eyfjörð Árnason, kt. 110959-5919, Ásabyggð 5, 600 Akureyri.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er framleiðsla og þróun tæknibúnaðar fyrir fiskveiðar, innflutningur og sala á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg. Sala á eigin framleiðslu.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(7863

*Félagið heitir:* **Nesbílar ehf.**
*Kt.:* 570402-4710.
*Heimili og varnarþing:* **Höskuldarnesi, 675 Raufarhöfn.**
*Dagsetning samþykkta er:* 22. mars 2002.
*Stofnandi:* Jóhannes Árnason, kt. 280946-4789, Höskuldarnesi, 675 Raufarhöfn.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 22. mars 2002:*
Stjórnarmaður: Jóhannes Árnason.
Varamaður: Sturla Halldórsson, kt. 100255-2199, Aðalbraut 31, 675 Raufarhöfn.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Prókúruumboð:* Jóhannes Árnason.
*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Glerárgötu 34, 600 Akureyri.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur fólks- og vöruflutningabifreiða, þungavinnuvéla, búrekstur, nýting hlunninda, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(7864

*Félagið heitir:* **ÁB útgerð ehf.**
*Kt.:* 570402-4980.
*Heimili og varnarþing:* **Fagurhólstúni 12, 350 Grundarfirði.**
*Dagsetning samþykkta er:* 18. mars 2002.
*Stofnandi:* Guðmundur Ásgeir Björnsson, kt. 210260-7819, Fagurhólstúni 12, 350 Grundarfirði.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 18. mars 2002:*
Stjórnarmaður: Guðmundur Ásgeir Björnsson.
Varamaður: María Steinþórsdóttir, kt. 230960-5269, Fagurhólstúni 12, 350 Grundarfirði.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn:* María Steinþórsdóttir.
*Prókúruumboð:* Guðmundur Ásgeir Björnsson og María Steinþórsdóttir.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Kristján G. Guðmundsson, kt. 020952-4829, Grundargötu 76, 350 Grundarfirði og Sigrún Jóhanna Hauksdóttir, kt. 261255-7319, s.st.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er útgerð, fiskvinnsla, útflutningur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(7865

*Félagið heitir:* **Rymur ehf.**
*Kt.:* 580402-2160.
*Heimili og varnarþing:* **Rauðalæk 51, 108 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 15. apríl 2002.
*Stofnendur:* Hjalti Benediktsson, kt. 190773-3969, Rauðalæk 51, 105 Reykjavík og Margrét Lára Eðvarðsdóttir, kt. 261275-3849, s.st.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 15. apríl 2002:*
Stjórnarmaður: Hjalti Benediktsson.
Varamaður: Margrét Lára Eðvarðsdóttir.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Hjalti Benediktsson.
*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Gunnar Magnús Erlingsson, kt. 030460-5029, Hæðarseli 14, 109 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er ráðgjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga, tölvuþjónusta svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(7866

# Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Hinn 16. september 2002 var José Manuel Caldeira skipaður kjörræðismaður með ræðisstigi í Maputo í Mozambique. Heimilisfang hinnar nýstofnuðu ræðisskrifstofu er:

1509, 25th September Avenue, 2. hæð
Maputo, Mozambique

Sími: +258 (1) 428 875
Fax: +258 (1) 428 879
Netfang: jose.caldeira@caldeiraadvogados.com

**Utanríkisráðuneytinu,**
25. september 2002.

(12093

**Lögbirtingablað,**
121. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg